

Guðbjörn Jónsson



Mál E-500/2014

Fyrsta fyrirtaka – Frávísunarkrafa

Virðulegi dómari, háttvirtur andstæðingur. Með hryggð í huga, stend ég hér í forysturétti héraðsdómsstigs landsins okkar. Dómstól, sem alla vega í því máli sem hér er flutt, vanvirðir heilbrigða sýn á réttláta málsmeðferð. Sama hvort á það er horft frá stjórnarskrá landsins eða þeim lögum sem dómnum er ætlað að starfa eftir.

Hingað til hefur framvinda þessa máls ekki farið eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála, **þó dómurinn eigi að starfa eftir þeim lögum.** Í upphafsákvæði 1. mgr. 7. gr. eml. er texti laganna afar skýr. Þar segir: **Dómari stýri þinghaldi**, við þingfestingu málsins, var þinghaldi stýrt **af aðila sem ekki bar embættisskipan dómara.** Sá aðili hafði því ekki lagaheimild til að sitja í dómarasæti.

Þá er stefnanda ljóst, eins og hann hefur látið koma fram í tveimur bréfum til Dómstjóra, ásamt því sem einnig má ráða af greinargerð stefnda, í dskj. 17., að í þinghaldi við þingfestingu málsins, **var ekki færð þingbók** í samræmi við 2. mgr. 11. gr. eml. en þar segir skýrt í 1. málslíð:

Pegar dómþing er háð skal rita skýrslu í þingbók um það sem fer fram. Þar skal jafnan skráð hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með mál sem er tekið fyrir, gögn sem eru lögð fram, hverjir mæta í máli og koma fyrir dóm og hvað hafi verið afráðið um rekstur máls, svo og ákvarðanir dómara og úrskurði sem hann kveður upp jafnharðan undir rekstri máls.

Pegar enginn dómari er í þinghaldi, er ekki hægt með lögformlegum hætti að afráða neitt um rekstur málsins, birta ákvarðanir eða úrskurð dómara. Þó eru slíkar ákvarðanir teknar og af dóminum talda löglegar og gildar, þvert ofan í skýr ákvæði laga.

Í fyrsta þinghaldi máls ráðast mikilvægir þættir málssóknar, fyrir stefnanda. Fyrir ólöglærðann er það mikill áfangi, að leita sjálfur réttar síns fyrir dómi. Í eml er gert ráð fyrir að ólöglærður einstaklingur leiti til dómstóla, því í 4. mgr. 101 gr. eml segir svo:

Dómara er skylt að leiðbeina aðila, sem er ólöglærður og flytur mál sitt sjálfur, um formhlið máls eftir því sem dómara virðist nauðsyn bera til.

Hvort stefna sé rétt sett upp hjá ólöglæðrum aðila, svo hún fullnægi ákvæðum 80. gr. eml, á að koma til skoðunar við fyrsta þinghald. Ólöglærður

einstaklingur sem framvísar stefnu til þingfestingar, á framangreindan rétt á að dómari fari yfir stefnuna og leiðbeini honum ef einhverju þurfi að breyta í stefnu, svo henni verði ekki vísað frá dómi vegna formgalla.

Þegar enginn dómari er í þinghaldi við þingfestingu máls, er í raun brotinn réttur á hinum ólöglærða málshefjanda, því hann fær ekki hina lögboðnu leiðsögn dómara um hvort málatilbúnaður hans sé fullnægjandi til að standast frávísun. Á þetta reyndi að hluta í mínu máli, þegar aðstoðarmaður dómara, í dómarasæti, reyndi að vísa mínu máli frá. Ég mótmælti og leitaði þá aðili í dómarasæti leiðsagnar Dómstjóra varðandi skjal er stefnandi kallaði greinargerð og hafði merkt sem dskj. 3.

Úrskurður Dómstjóra varð sá að skjal þetta skyldi kallast **aðilaskýrsla**, í samræmi við 1. mgr. 95. gr. eml. **og vera dskj. 1. sem fylgiskjal stefnu**. Aðrar athugasemdir voru ekki gerðar og ekki heldur við þinghald 15. apríl s.l. Verður því ekki betur séð en 2. mgr. í frávísunarkröfu stefnda, beinist fyrst og fremst að leiðbeiningarskyldu dómara samkv. 4. mgr. 101. gr. eml. sem hafi brugðist, því frávísunin beinist nær eingöngu að formhliðum málsins.

Ekki varð séð af afriti þingbókar sem stefnandi fékk, að framangreind ákvörðun Dómstjóra hafi verið skráð í þingbók. Ummæli 3. mgr. frávísunarkröfu stefnda benda einnig til að hann hafi engar upplýsingar fengið, **frá meintum fulltrúa stefnda**, um ákvarðanir Dómstjóra í þinghaldi til þingfestingar málsins, því í þessari 3. mgr. frávísunarkröfu sinnar talar hann um framangreint skjal sem **greinargerð og dskj. 3**. Af því leiðir að 3. mgr. frávísunarkröfu hans þarf ekki að svara. Hún á ekki við í þessu máli þar sem engin greinargerð er dskj 3, eins og að framan er getið.

Við þingfestingu málsins lagði stefnandi fram fyrirspurn um hvort stefndi væri mættur. Aðili í dómarasæti sagði Tryggva Viggósson hdl. mæta fyrir stefnda. Stefnandi óskaði eftir að fram yrði lagt umboð Tryggva til að mæta í þingfestingu fyrir stefnda, en því hafnaði aðili í dómarasæti. Aðspurt af stefnanda, hverju það sætti að ekki þyrfti að leggja fram formlegt umboð, til að gerast málssvari í dómsmáli, svaraði aðili í dómarasæti því að slíkt væri ekki nauðsynlegt og vísaði þar til 2. gr. laga um lögmennt.

Stefnandi mótmælti þessu og spurði aðila í dómarasæti hvort dómstóll þessi starfaði ekki eftir lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 og hvar lög um starfsreglur lögmannna væru tengd lögum um meðferð einkamála? Þessari spurningu hafnaði aðili í dómarasæti að svara og ekkert var um þessa fyrirspurn stefnanda bókað í þingbók. Þarna var tvímælalaut brotið á rétti stefnanda því í 2. málslíð 2. mgr. 11. gr. eml. segir skýrum stöfum að:

Einnig er rétt að bóka um yfirlýsingar af hendi aðila sem hafa ekki komið fram skriflega.

Hér hefur greinilega verið dregið fram að ekki var farið að réttum reglum um þinghald við þingfestingu málsins. Umboð sem ætlað er að halda fyrir dómi

þarf tvímælalaust að vera skriflegt, undirritað og vottað af tveimur vottum. Löglega veitt umboð, þarf að liggja fyrir með eðlilegum hætti, á skrifuðu skjali, í gögnum málsins, löngu eftir að máli líkur. Ég efa ekki, að jafnt stefnda sem dómara þessa máls finndist ég þurfa skriflega heimild frá þeim, **undirritaða og með tveimur vottum**, til að láta þinglýsa hjá sýslumanni, veðkröfu á fasteign sem þar væri skráð á þeirra nafni eða jafnvel afsali.

Við höfum hér skýrt dæmi um hvaða afleiðingar það getur haft er aðili í dómarsæti viku frá grundvallarreglum. Aðilinn sem sagður var vera mættur til að gæta hagsmuna stefnda, **gerði það alls ekki**, eins og 3. mgr. greinargerðar stefnda, ber glögglega merki um.

Sérstaka athygli ber að vekja á því óþarfa flækjustigi, á skjön við lög, sem virðist vera búið að innleiða í réttarfar okkar. Í því tilviki sem hér um ræðir var stefnandi í þinghaldi við þingfestingu málsins, **sviptur þeim rétti sem honum er tryggtur 1. mgr. 96. gr. eml.** en þar segir:

Nú sækir stefndi ekki þing þegar mál er þingfest og ekki er kunnugt að hann hafi lögmet forföll, og skal þá málið tekið til dóms í þeim búningi sem það er, enda hafi stefnandi ekki fengið frest skv. 2. mgr. 95. gr.

Í því tilviki sem hér um ræðir, fékk stefnandi engan frest öll hans gögn fylgdu með stefnu.

Stefnandi vekur sérstaka athygli dómara á fyrstu orðum 1. mgr. 96. gr. eml. Þar stendur einfaldlega: **Nú sækir stefndi ekki þing.** Vakin er athygli dómara á að þarna stendur ekki **Nú sækir stefndi eða fulltrúi hans ekki þing.** NEI, ákvæði 1. mgr. 96. gr. eml er skýrt og án allra frávika. Það er stefndi sjálfur sem verður að mæta við þingfestingu, en þar getur hann í eigin persónu tilkynnt dómara hverjum hann veiti umboð til reksturs málsins fyrir sína hönd.

Eins og þarna kemur skýrt fram, hefur dómstóllinn engar heimildir til að veita undanþágu frá þeirri lögskipuðu skyldu stefnda að mæta sjálfur við þingfestingu máls á hendur honum. Í því ljósi að stefndi mætti ekki sjálfur við þingfestingu málsins, hefur dómstóllinn enga löglega heimild til móttöku greinargerðar á dskj 17, eða dskj 18 og 19, sem réttinum barst frá þeim lögfræðingi sem hér situr í sæti stefnda. Enn hefur ekki verið lögð fram lögformleg yfirlýsing stefnda um að hann hafi falið einhverjum að gæta hagsmuna sinna í máli þessu. Því er þessi framgangur málsins, sem hér er drifinn áfram að kröfu réttarins, utan eðlilegrar framvindu réttarfars.

Í þinghaldi 15. apríl s.l., sem einnig var haldið án lögskipaðs dómara, var einnig hafnað af hálfu aðila í dómarsæti, að virða rétt stefnanda um að honum yrði sýnd skýr umboðsheimild þess sem sagður var vera mættur fyrir hönd stefnda. Beiðni stefnanda um að ósk hans yrði bókuð, var svarað með því að aðili í dómarsæti, hótaði að láta fjarlægja stefnanda úr réttarsal.

Stefnandi hafði á óaðfinnanlega kurteisán máta, óskað að nýta rétt sinni, sem aðila málsins, til bókunar á afstöðu sinni, sem hann vissi sig eiga rétt á samkvæmt skýrum heimildum, sem reyndar voru þá ekki tilteknar. (í 2. málslíð 2. mgr. 11. gr. eml.) Gékk aðili í dómarsæti þá svo langt að hringja á húsvörð og fór fram á að stefnandi yrði fjarlægður úr réttarsal. Var það áður en aðili þessi í dómarsæti hafði lokið fyrirtöku máls stefnanda og honum afhent afrit af þingbók þinghaldsins.

Eins og áður er getið, hefur stefnandi ritað Dómstjóra þessa dóms 2 bréf með fjölda kvartana um frávík frá því sem kalla mætti “eðlilega málsmeðferð.” Efnislegt svar hefur ekki borist og stefnandi hefur ekki verið beðinn afsökunar, af hálfu dómstólsins, vegna skorts á réttlátri málsmeðferð. Þeirri spurningu er því ósvarað, hvort dómstóllinn telji réttláta þá málsmeðferð sem fram til þessa hefur verið viðhöfð í máli þessu.

Í þessari stöðu erum við í dag, er dómstóllinn leggur fyrir stefnanda að mæta til þinghalds og fyrirtöku málsins, vegna greinargerðar sem lögmaður hefur lagt fram, án þess að hafa enn sem komið er, sannað fyrir stefnanda og réttinum, **að hann hafi heimild stefnda til afskipta af málum hans.** Stefnandi veit ekki til þess að stefndi hafi tilgreinda heimild, en þar sem stefnandi er áhugamaður um hve langt dómstólar gangi á skjön við lagaskilyrði réttarfars, leikur hann hlutverk sitt af einlægni.

Víkjum þá að 1. hluta greinargerðar á dskj 17, fjallar um frávísarkröfu lögmanns sem dómurinn virðist telja umboðsmann stefnda, þó stefnandi hafi enga slíka stöðfestingu séð. Hér er fjallað um fyrri hluta greinargerðarinnar, þ. e. frávísunarkröfu og skiptast þær kröfur í þrjá liði eða málsgreinar.

Í fyrstu kröfu eða málsgrein segir svo:

“Stefnandi er ekki einn skuldari fasteignaveðbréfs þess sem málsóknin er sprottin út af, heldur einnig maki hans, Ragnheiður Benediktsdóttir.” Tilv. líkur.

Rétt er, eins og greinilega má lesa af dskj 6, að fyrir 14 árum voru nöfn stefnanda og Ragnheiðar Benediktsdóttur rituð á fasteignaveðbréf sem var lánsloforð Íbúðalánasjóðs vegna íbúðar sem Ragnheiður var að kaupa. Veðbréf þetta var látið af hendi til seljanda eignarinnar, Hákons B. Sigurjónssonar, sem lét það ganga til Íbúðalánasjóðs í skiptum fyrir húsbref.

Þegar umrædd lántaka hjá Íbúðalánasjóði átti sér stað, á árinu 2000, hafði stefnandi, búið í óvígðri sambúð, með Ragnheiði Benediktsdóttur í 5 ár. Bæði voru þá fráskilin úr fyrri hjónaböndum. Hún eigandi íbúðar og innbús en stefnandi hafði gengið eignalaus frá sínum skilnaði, einungis farið með tannburstann, eins og stundum er sagt. Á árinu 2000 seldi Ragnheiður blokkaríbúð sína í vesturbæ Reykjavíkur og festi kaup á húsi í Breiðholti.

Eins og sjá má af greiðsluskrá frá Íbúðalánasjóði á dskj 11, var fyrsti gjalddagi lánsins þann 15. október 2000, en húsið keypt þann 17. júlí 2000.

Það var því ekki fyrr en þremur mánuðum eftir að kaupin voru gerð, sem í ljós kom að lánið hafði eingöngu verið skráð á nafn stefnanda. Gjaldldagi hafði verið settur á 15. hvers mánaðar en ekki um mánaðarmót eins og um hafði verið talað. Auk þess kom í ljós að fyrsti vaxtadagur var settur í lok maí en lánið veitt eftir miðjan júlí. Grunnvísitala lánsins var líka sett tveimur mánuðum fyrir afgreiðslu lánsins fór fram.

Athugsemdir voru strax gerðar við Íbúðalánasjóð vegna þessara skráninga. Þar var spurt hvort það skipti stefnanda og Ragnheiði einhverju máli þó lánið væri á nafni stefnanda meðan sambúð varði. Aðal málið væri að veðið væri rétt skráð. Aðra þætti s. s. gjalddaga, fyrsta vaxtadag og grunnvísitölu, átti að athuga og verður fjallað um þá þætti síðar.

Virðulegi dómari! Ég velti fyrir mér í hvaða hugarheimi þeir aðilar eru sem gera kröfu um frávísun máls sem reist er á grundvelli íbúðaláns nr. 059197 og byggja frávísunin sína á því að aðili, **sem ALLS EKKI ER OG HEFUR ALDREI VERIÐ, SKRÁÐUR FYRIR LÁNI NR 059197 hjá Íbúðalánasjóði**, sé ekki meðstefnandi með þeim eina aðila sem skráður er fyrir nefndu láni hjá stefnda.

Svo virðist sem vandvirkni í skjalagerð hjá Íbúðalánasjóði, hafi á þessum tíma verið í verulegum ólestri. Þetta fullyrðir stefnandi sem fyrrum var fulltrúi í hagdeild banka, og hafði þar með höndum fyrirtækjafjármögnun og þurft að bera ábyrgð á útgáfu mikils fjölda sambærilegra skjala, við þau lánaskjöl sem hér um ræðir.

Spyrja má í þessu sambandi, hvort Íbúðalánasjóði sé heimilt, eftir að hafa í tæp 14 ár hunsað nafn Ragnheiðar á umræddri lánsumsókn sem afgreidd var sem lán til stefnanda sem var með-umsókaradili að nefndu íbúðaláni. Hhvort það standist lög að eftir allan þann tíma, telji Íbúðalánasjóður sig eiga rétt á að Ragnheiður verði skráð fyrir láninu sem allan tíma hefur verið skráð og innheimt hjá stefnanda, án þess að nokkurn tíman yrði vanskil á gjalddaga. Á dskj. nr. 20 er yfirlýsing frá Ragnheiði, sem ekki þarf að endurflytja.

Annar liður frávísunarkröfu:

Í 2. mgr. frávísunarkröfu segir m. a.:

"Að málatilbúnaður stefnanda sé sundur- og samhengislaus og afar óskýr. Hann fullnægi því ekki skilyrðum 1. mgr. 80. gr. eml um glöggan og skýran málatilbúnað. Stefnan í heild sé tvær blaðsíður. Fyrri síðan sé eiginlega ekkert annað en kröfugerð. Í henni ægi þó saman kröfum einhvers konar málavöxtum, málsástæðum og lagarökum, en slík samræmist ekki ákvæðum d liðar 1. mgr. 80. gr eml. um skýrleika í kröfugerð. Kröfurnar eru því ekki dómhæfar. Gerð er ýmist krafa um ógildingu eða leiðréttingu á þegar inntum greiðslum á láni, sem stofnað var til árið 2000, án þess að fram komi með hvaða hætti slíkt skuli gert."

Virðulegi dómari. Þarna koma líklega fram afleiðingar þess að málið er rangt skráð hjá dómstólnum. Stefnanda var neitað um leiðréttingu þegar honum var ljóst að málið var skráð sem skuldamál með kröfu yfir 3.000.000 króna. Hið rétta er, eins og allt málið og öll málskjöl bera með sér, að hér er á ferðinni viðurkenningarmál, þar sem leitað er ýmissa leiðréttinga varðandi lánasamning íbúðaláns. Höfundur greinargerðar stefnda les því gögn málsins undir öðrum formerkjum en þau eru sett fram, líklega vegna rangrar skráningar málsins.

Í 1. málslið 2. mgr. 99. gr. eml segir að: *“Haldi stefndi uppi vörnum í máli skal hann leggja fram skriflega greinargerð um þær við lok frests skv. 1. mgr.”* Ef jafn ítarlega á að fara eftir ákvæðum eml varandi greinargerð stefnda, eins og stefndi fer fram á vegna málatilbúnaðar stefnanda, fer varla hjá því að stefndi eigi ekki rétt á að leggja fram sína greinargerð, því stefndi sjálfur, Sigurður Erlingsson forstjóri Íbúðalánasjóðs – sótti ekki þing við þingfestingu málsins eins og skýr lagafyrirmæli kveða á um. Það staðfestist fullkomlega í fyrstu orðum 1. mgr. 99. gr. eml. þar sem segir: *Ef stefndi sækir ekki þing.* Ég vek enn og aftur athygli á því að þarna stendur ekki – **STEFNDI EÐA FULLTRÚI HANS.**

Öll skyldan hvílir augljóslega á stefnda sjálfum að mæta við þingfestingu. Hann gerði það ekki í því máli sem hér um ræðir og frá honum var ekkert lögformlegt umboð, til handa þeim aðila sem **sagðist mættur fyrir stefnda.** Það kom svo í ljós, með vísan til 3. mgr. frávísunarkröfunnar, að hinn meinti umboðsmaður stefnda við þingfestinguna lét hann **EKKERT VITA** af þeirri ákvörðun sem Dómstjóri tók við þingfestingu málsins. Dómstjóri gerði þá breytingu á framlögðum gögnum stefnanda. Hann breytti nafni skjals sem stefnandi kallaði **greinargerð** og merkti sem dskj 3. og úrskurðaði það verða dskj 1. sem aðilaskýrslu og fylgiskjal með stefnu. Af þessu virðist ljóst að sambandsleysi milli aðila verður vart betur sannað. Og þar með að í raun var enginn mættur til að gæta hagsmuna stefnda, eins og þarna kemur í ljós.

Lítum þá einnig nánar á hvað segir í 3. málslið 2. mgr. 99. gr. eml. um greinargerð stefnda: *Þá skal þar lýst á gagnorðan og skýran hátt málsástæðum stefnda og öðrum atvikum sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst,*

Þegar litið er til þeirra athugasemda sem stefndi gerir við málatilbúnað í stefnu, verður með engu móti sagt að hann sé **gagnorður og skýr**. Engin tiltekin atriði eru dregin fram sem beinlínis beri að hafna eða útskýrt á hvern máta þau eru óskýr.

Það er svo sem æfagömul sannindi, að þegar þekkingu skortir, geta hin einföldustu atriði virst óglögg, ruglingsleg og flókin. Eigi að síður verða slík mál að geta fengið eðlilega meðferð fyrir dómi. Þó lögmaður sá sem undirritar greinargerð stefnda sjái þetta sem “lögspurningu” og því beri að hafna málinu

á grundvelli 1. mgr. 25. gr. eml. fer ekki hjá því að hagsmunir stefnanda eru mjög ríkir og um slíkt segir í 2. mgr. 25. gr. eml:

Nú hefur sóknaraðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, og getur hann þá leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Gildir þetta án tillits til þess hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms sem mætti fullnægja með aðför.

Ekki fer á milli mála að hér er leitað viðurkenningardóms um hagsmuni stefnanda og ekki bara stefnanda eins, heldur leikur grunur á um að þúsundir annarra lántakenda hjá Íbúðalánasjóði hafi álíka hagsmuni af þeirri leiðréttingu sem í máli þessu er leitað.

Næst viku stefndi að því sem fram kemur í Málsástæðum sem stefnandi byggir á. Stefndi segir:

Málsástæður sem stefnandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik eru mjög ruglingsleg og í andstöðu við 1. mgr. e. lið 80. gr. eml. Vakin er athygli á því að e. liður 80. gr. eml. er aðeins ein málsgrein en Þar segir: *“málsástæður sem stefnandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er,”*

Í stefnu er liður sem heitir Málavextir og málsástæður. Þar er hnitmiðuð stutt lýsing á ferli viðskipta stefnanda við stefnda. Þeirri lýsingu lýkur á orðunum að í ljósi framanritaðs: - *tók stefnandi þá ákvörðun að höfða mál til leiðréttingar þeirra álitamála á framkvæmd lánasamnings síns, sem hann telur að ekki séu í samræmi við lög og réttmæta viðkiptahætti.”*

Hvernig stefndi getur fengið það út að þessi liður sé mjög ruglingslegur og í andstöðu við e. lið 80. gr. eml. er ekki auðvelt að skilja. Og áfram segir í gagnrýni stefnda á málsástæður stefnanda:

Erfitt er að átta sig í hverju kröfur stefnanda eru fólgnar og eru þær í mótsögn við hverja aðra og alveg órökstuddar. – Ekki getur þessi lýsing talist gagnorð og sett fram á skýran hátt því engin dæmi eru til tekin. Og áfram segir svo í gagnrýni stefnda á málsástæður stefnanda:

Hvorki er gerð krafa um tiltekna fjárhæð né krafa um viðurkenningu réttinda eða lausn undan skyldu samkvæmt 2. mgr. 25. gr. eml. Verður ekki séð að úrlausn þessa máls tengist ákveðnu sakarefni.

Eitthvað virðist textahöfundur greinargerðar stefnda hafa skotist þarna til í lagatilvísun, því texti sá sem hann tilnefnir, sem texta í 2. mgr. 25. gr. eml. passar ekki við það sem í 2. mgr. 25. gr. eml en til hennar vísaði stefnandi hér áðan Hún er svohljóðandi:

Nú hefur sóknaraðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, og getur hann þá leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Gildir þetta án tillits til þess hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms sem mætti fullnægja með aðför.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að hugarheimur textahöfundar stefnda um ákvæði 2. mgr. 25. gr. eml er utan raunveruleika en hins vegar fellur framangreint niðurlag í málsástæðum stefnanda fullkomlega að ákvæði 2. mgr. 25. gr. eml.

3. mgr. frávísunarkröfu

Að síðustu er svo 3. mgr. frávísunarkröfu stefnda. Fjallar hún um atriði sem getið var um í upphafi, þar sem skjal sem stefnandi kallaði greinargerð og merkti sem dskj 3, var úrskurðað hjá Dómstjóra að skyldi kallast aðilaskýrsla stefnanda og vera fylgirit stefnu sem dskj 1. Um þessi mistök er fjallað ítarlega samhliða umfjöllun um þinghald þingfestingar og verður það ekki endurtekið hér.

Virðulegi dómari. Hér hefur verið rakin framvinda þessa máls. Ég viðurkenni að ég er fyrst og fremst hryggur yfir þeim miklu frávikum frá eðlilegri framvindu málsins, út frá ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ég harma mjög, þá ókurteisi sem rétturinn hefur sýnt mér, algjörlega að ástæðulausu því frá minni hendi hefur engin ókurteisi komið. Fram komnar frávísunarkröfur, sem ég hef engar sannanir fyrir að lagðar séu fram með vitorði eða heimild stefnda, eru ekkert rökstuddar, ekki gagnorðar og ekkert ákveðið efni tiltekið til sönnunar á hinni einhliða upphrópun um skilningsleysi þess er greinargerð stefnda ritar. Ég læt því máli mínu lokið, fer fram á að frávísun verði hafnað, og legg málið í úrskurð dómara með eðlilegum fyrirvara.